

- a) Trjárækt og blómarækt til prýðis heimilum utanbæjar.
- b) Matjurtarækt til búsnýtja og smekkbætis, þó skal eigi tillit tekið til 27. febr. ræktunur á gulrófum, næpnm eða kartöflum, nema um tilraunir með nýjar tegundir sje að ræða.
- c) Blómækt til ánægju og prýðis innanbæjar.
- Stjórnarnefnd dæmir óg úthlutar verðlaunum, og ákveður í hvert sinn hvernig verðlaununum skal skift milli þeirra, er verðlaun hljóta.

7. gr.

Verðlaununum skal útbýtt í snotrum og eigulegum munum, helst af innlendri gerð, er keyptir sjeu fyrir sjóðsvextina, nema verðlaunaþegi óski fremur peninganna.

8. gr.

Komi ár fyrir, sem engir hljóta verðlaun, leggjast vextirnir við höfuðstólinn það ár.

9. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera starfssvið hans viðtækara en hjer er sagt fyrir, þegar henni þykir það tiltækilegt.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fljótsdalshreppi í júlí 1920.

Guttormur Vigfússon,
Þór. Þórarinsson,

Sölvi Vigfússon.
Ól. O. Lárusson.

STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Aldamótasjóð Fljótsdælinga, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumála- 27. febr. ráðherra, 27. febrúar 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Aldamótasjóð Fljótsdælinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Aldamótasjóður Fljótsdæla«, og er stofnaður með aurasamskotum á aldamótahátíð Fljótsdælinga á sumardaginn fyrsta 1901. Stofnfje sjóðsins er kr. 43,00,

12

27. febr.

Sjóðurinn skal um aldur og æfi ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

2. gr.

3. gr.

Ekki má skerða sjóðinn að neinu leyti fyr en um næstu aldamót.

4. gr.

Samkomu þeirri, sem vænta má að haldin verði í Fljótsdal um næstu aldamót, til að minnast þeirra, skal gefin heimild til að verja ársvöxtum þess árs að undantekinni 1 krónu — einni krónu — til samkomuhalds. Á sama hátt má verja ársvöxtum sjóðsins hvert aldamótaár upp frá því.

5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir kr. 1020,00, skal að undanteknu aldamótaárinu, árlega verja kr. 1000,00 til þarflegra og arðberandi framkvæmda í sveitinni, en það, sem vöxtunum nemur framyfir þessa útborgun, skal árlega leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir kr. 2040,00, skal greiða til sveitarinnar kr. 2000,00 árlega í sama skyni og með sömu undantekningum og getið er um í 5. gr. og svo þannig stig af stigi eftir sama mælikvarða.

7. gr.

Um leið og byrjað er að úthluta vöxtum sjóðsins samkvæmt 5. og 6. gr. skulu ár hvert, á lögsmætum sveitarfundum, kosnir 3 menn, búsettir í sveitinni, í stjórn sjóðsins. Þessir menn skulu hafa á hendi reikningsskil sjóðsins og ákveða hvernig varið skuli árlega þeim útborguðu vöxtum, sem getið er um í 5. og 6. gr. og sjá um allar framkvæmdir. Fyrir starfa þennan má ákveða þeim hæfilega þóknun, og skal áður umgetinn sveitarfundur gera það.

8. gr.

Þar til nefnd sú, sem um er getið í 7. gr. er kosin, skal viðskiftabók sjóðsins, ásamt stofnskránni, og öðrum skjölum, geymd hjá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps. Sveitarstjórn skal árlega tilfæra upphæð sjóðsins á eigna-reikning hreppsins (utan strika) að minsta kosti 5. hvert ár.

9. gr.

Breytist rikismynt, skulu áðurnefndar útborganir jafngilda krónutali því, sem nefnt var í 5. og 6. gr.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Í janúarmánuði 1904

Hákon Finnsson. Guttormur Vigfússon. Sigfús Jónsson